


1. hæð mkv. 1:100 - 109 m²




2. hæð mkv. 1:100 - 80 m²




Afstöðumynd mkv. 1:500 - ný 2. hæð er í bláum lit



Útlit norður mkv. 1:100




Útlit vestur mkv. 1:100




Útlit suður mkv. 1:100




Útlit austur mkv. 1:100




Sneiðing A mkv. 1:100




Sneiðing B mkv. 1:100

Teikning þessi er eign studio arnhildar pálmadóttur ehf. hana má ekki afrita með neinum hætti svo sem með ljósritun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild án skriflegs leyfis höfundar.

## BYGGINGARLÝSING:

Fasteignanúmer: 2061633
Staðgreinir: 1000-1-38500170
Landnúmer: 114634
Stærð lóðar: 683 m²
Stærð núverandi húss: 108,9 m²
Bílskúr á lóð: 36 m²
Núv. nýtingarhlutfall: 0,21

Stærð nýrrar 2. hæðar: 80 m²
Stærð mögulegar sólstofu: 30 m²

Nýtingarhlutfall með 2. hæð: 0,27
Nýtingarhlutfall með 2. hæð og sólstofu: 0,33

ALMENNT
Sótt er um breytingar á Hlaðbrekku 17 í Kópavogi sem snúast um breytingar á innra skipulagi á 1. hæð og viðbyggingu ofaná húsinu að hluta. Húsið er steinsteypt og byggt árið 1960, höfundur er ekki skráður. Þakviðir eru timbur sem situr ofaná steinsteyptri plötu. Á lóðinni stendur einnig bílskúr sem byggður var árið 1962.

Ekki er til gilt deiliskipulag fyrir svæðið. Núverandi hús að Hlaðbrekku 17 er ein hæð og frekar lágreist bygging miðað við önnur hús sem standa sunnan megin götunnar en þau eru flest tvær hæðir. Töluverður landhalli er á svæðinu og gerir tillagan ráð fyrir því að að ný hæð verði austan megin á húsinu að stærstum hluta, þeim megin sem landið hækkar og þannig fylgir ný hæð takti annara húsa í götunni og eðlilegri götumynd.

Gert er ráð fyrir að núverandi hús verði einangrað að utan og klætt með múr eða málmklæðningu sem hluti af eðlilegu viðhaldi hússins. 2. hæðin kemur sem viðbót ofaná núverandi byggingu. Einnig er sótt um mögulega sólstofu eða létta viðbyggingu á suðurhlið hússins, við stofu á 1. hæð en þar eru nú fyrir timburverönd.

VEGGIR OG ÞAK
Nýbyggingin, bæði þak, út- og innveggir eru úr CLT einingum sem koma tilbúnar á staðinn sem styttir framkvæmdatíma og rask á svæðinu mikið. Burðarþolshönnuður mun kanna ástand núverandi útveggja með tilliti til mögulegar styrkinga fyrir 2. hæðina og útfæra lausnir í samræmi við það. U-gildi (W/m2K) einstakra byggingarhluta verður í samræmi við kröfur fyrir nýbyggingar í byggingarreglugerð. Utanhúsklæðning 2. hæðar verður timburklæðning. Þak verður torfþak.

GLUGGAR
Gluggar 2. hæðar verða trégluggar.

UPPHITUN OG LAGNIR
Upphitun á bæði 1. og 2. hæð er með gólfhita.

FRÁGANGUR INNI
Innveggir verða með sýnilegum krossvið einingana og verða þeir varðir svo þeir uppfylli kröfur um klæðningu í flokki 1 í samræmi við byggingarreglugerð. Breytingar eru gerðar á innra skipulagi 1. hæðar með breytingum á innveggjum að hluta. Gerð verður grein fyrir breytingum á burðarþolsútfærslum á teikningum verkfræðinga. Stiga er bætt við til að tengjast nýrri 2. hæð.

ELDVARNIR
Húsið er eitt brunahólf gert er ráð fyrir reykskynjurum, slökkvitæki og eldvarnarteppi í samræmi við gildar reglugerðir og leiðbeiningar.

Verkheiti:
# Hlaðbrekka 17
# 200 Kópavogi

## Grunnmyndir, afstöðumynd útlit og sneiðing

Dagsetning: 15.03.2021
Mælikvarði: 1:100/500
Teiknað af: AP
Yfirfarið af: MS

Aðalhönnuður:

Arnhildur Pálmadóttir
kt. 220772 5949

s. ap arkitektar

www. studio@
studioarnhildurpalmadottir.is
+354 846 90 81

Verknúmer:
0072

Nr:
A AU HLA 01

Útgáfa: